

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 147/2016 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 322/2014.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2058 frá 10. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2058 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. janúar 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2058

frá 10. nóvember 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri

og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu (Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Sambandsins vegna matvæla og fóðurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slík mengun getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra í Sambandinu og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011⁽²⁾ var því samþykkt. Í stað þeirrar reglugerðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011⁽³⁾ en síðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012⁽⁴⁾ í hennar stað. Í stað þeirrar síðarnefndu kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 996/2012⁽⁵⁾ en henni var síðar skipt út með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2014⁽⁶⁾ og síðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6⁽⁷⁾ í hennar stað.
- 3) Þar eð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 er kveðið á um að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í henni, skuli endurskoðaðar eigi síðar en 30. júní 2016 og til að taka tillit til frekari þróunar á aðstæðum og til gagna um tilvik fyrir árin 2015 og 2016, að því er varðar geislavirkni í fóðri og matvælum, þykir rétt að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6.
- 4) Reglugerð ráðsins (KBE) 2016/52⁽⁸⁾ fellir reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87⁽⁹⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 779/90⁽¹⁰⁾ úr gildi og því er rétt að breyta tilvísunum til þessara reglugerða til samræmis við það.
- 5) Gildandi ráðstafanir hafa verið endurskoðaðar að teknu tilliti til fleiri en 132.000 gagna um tilvik geislavirkni í fóðri og matvælum öðrum en nautakjöti og fleiri en 527.000 gagna um tilvik geislavirkni í nautakjöti sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram varðandi fimmta og sjötta ræktunartímabilið (janúar 2015 til desember 2016) frá því að slysið átti sér stað.
- 6) Upplýsingar sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram færa sönnur á að ekki var farið yfir hámarksgildi geislavirkni í fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Akita, á fimmta og sjötta ræktunartímabili frá því að slysið átti sér stað og að ekki sé lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í héraðinu Akita, að því er varðar hvort geislavirkni sé fyrir hendi, fyrir útflutning til Sambandsins.
- 7) Að því er varðar fóður og matvæli sem eru upprunnin í héraðinu Fukushima, að teknu tilliti til gagna um tilvik sem japönsk yfirvöld lögðu fram fyrir árin 2014, 2015 og 2016, þykir rétt að aflétta kröfunni um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins að því er varðar hrísgrjón og afleiddar afurðir úr þeim.

Að því er varðar annað fóður og matvæli, sem eru upprunnin í því héraði, er rétt að viðhalda kröfunni um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins.

8) Að því er varðar héruðin Gunma, Ibaraki, Tochigi, Iwate og Chiba er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á ætisveppum, fiski og lagarafurðum og tilteknum ætum, villtum plöntum og unnum og afleiddum afurðum úr þeim fyrir útflutning til Sambandsins. Gögnin um tilvikin fyrir fimmta og sjötta ræktunartímabilið færa sönnur á að ekki sé lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á sumum þessara matvæla og fóðurvara, sem eru upprunnin í tilteknum héruðum, fyrir útflutning til Sambandsins.

9) Að því er varðar héruðin Akita, Yamagata og Nagano er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á ætisveppum og tilteknum ætum villtum plöntum og unnum og afleiddum afurðum úr þeim fyrir útflutning til Sambandsins. Gögnin um tilvikin fyrir fimmta og sjötta ræktunartímabilið færa sönnur á að ekki sé lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í héraðinu Akita, og að ekki sé lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á tilteknum ætum, villtum plöntum frá héruðunum Yamagata og Nagano fyrir útflutning til Sambandsins.

10) Gögnin um tilvikin fyrir fimmta og sjötta ræktunartímabilið færa sönnur á að rétt er að viðhalda kröfunum um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins á ætisveppum sem eru upprunnir í héruðunum Shizuoka, Yamanashi og Niigata.

11) Að teknu tilliti til gagna um tilvik frá fimmta og sjötta ræktunartímabili þykir rétt að byggja ákvæði framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6 þannig upp að héruð, þar sem sömu matvæli og fóður þurfa að gangast undir sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins, séu flokkuð saman.

12) Eftirlitið, sem framkvæmt er við innflutning, sýnir að framkvæmd japanskra yfirvalda á sérstöku skilyrðunum, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, er rétt og að ekki hafa komið upp tilvik við innflutningseftirlit, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, í meira en fimm ár. Því þykir rétt að halda lágri tíðni eftirlits við innflutning.

13) Rétt þykir að að kveða á um endurskoðun ákvæða framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6 þegar niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu á því hvort geislavirkni sé fyrir hendi í fódri og matvælum liggja fyrir eftir sjöunda og áttunda ræktunartímabilið (2017 og 2018) frá því að slysið átti sér stað, þ.e. eigi síðar en 30. júní 2019.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 til samræmis við það.

15) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsmálsliðarins í 1. gr. komi eftirfarandi:

„Reglugerð þessi gildir um fóður og matvæli, þ.m.t. matvæli sem hafa lítið vægi, í skilningi 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) 2016/52 ^(*) (hér á eftir nefnd „afurðirnar“), sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum:

^(*) Stjtið ESB L 13, 20.1.2016, bls. 2.“

2) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Hverri vörusendingu af fódri og matvælum, sem um getur og fellur undir SN-númerin sem getið er í II. viðauka, og fóðurlöndum og fódri, sem innihalda meira en 50% af þessu fódri og matvælum, sem er upprunnin í eða send frá Japan, skal fylgja gild, upprunaleg yfirlýsing sem er tekin saman og undirrituð í samræmi við 6. gr.“

b) Í stað c-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„c) afurðin sé send frá en ekki upprunnin í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist og hefur ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn eða vinnsluna eða“. c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Fiskum og lagarafurðum, sem um getur í II. viðauka, sem eru veidd eða uppskorin í strandsjó héraðanna Fukushima, Gunma, Tochigi, Miyagi, Ibaraki, Chiba eða Iwate, skal fylgja yfirlýsing, sem um getur í 1. mgr., ásamt skýrslu um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, óháð því hvar slíkum afurðum er landað.“

3) Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Endurskoðun

Endurskoða skal þessa reglugerð fyrir 30. júní 2019“

4) Í stað I. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Í stað II. viðauka komi textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Í stað III. viðauka komi textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

Heimilt er að flytja vörusendingar af matvælum og fôðri, sem falla undir gildissvið framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6, sem fóru frá Japan áður en þessi reglugerð tók gildi, inn í Sambandið samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6 áður en henni var breytt með þessari reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

(¹) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 frá 25. mars 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fôðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 5).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011 frá 27. september 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fôðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 297/2011 (Stjtið. ESB L 252, 28.9.2011, bls.10).

(⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 frá 29. mars 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fôðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2011 (Stjtið. ESB L 92, 30.3.2012, bls. 16).

(⁵) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 frá 26. október 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012 (Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 31).

(⁶) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2014 frá 28. mars 2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu (Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 1).

(⁷) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6 frá 5. janúar 2016 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 322/2014 (Stjtið. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 5).

(⁸) Reglugerð ráðsins (KBE) 2016/52 frá 15. janúar 2016 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í matvælum og fóðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar og um niðurfellingu á reglugerð (KBE) nr. 3954/87 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 944/89 og (KBE) nr. 770/90 (Stjtið. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 2).

(⁹) Reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87 frá 22. desember 1987 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í matvælum og fóðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar (Stjtið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 11).

(¹⁰) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 frá 29. mars 1990 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í fóðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar (Stjtið. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78).

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Hámarksgildi fyrir matvæli (¹) (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn	Mjólk og drykkir sem eru að stofni til úr mjólk	Ölkelduvatn og áþekkir drykkir og te sem er lagað úr ógerjuðum laufum	Önnur matvæli
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	50 (²)	50 (²)	10 (²)	100 (²)

Hámarksgildi fyrir fóður (³) (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Fóður sem er ætlað fyrir nautgripi og hesta	Fóður sem er ætlað fyrir svín	Fóður sem er ætlað fyrir alifugla	Fiskafóður (⁵)
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	100 (⁴)	80 (⁴)	160 (⁴)	40 (⁴)

“

(¹) Þegar um er að ræða þurrkaðar vörur, sem ætlaðar eru til neyslu eftir að þær hafa verið endurgerðar með því að bæta vatni í þær, á hámarksgildið við um endurgerðu vöruna þegar hún er tilbúin til neyslu.

Þegar um er að ræða þurrkaða sveppi skal beita endurgerðarstuðlinum 5.

Þegar um er að ræða te á hámarksgildið við um seyðið sem er lagað úr ógerjuðum tælaufum.

Vinnslustuðullinn fyrir þurrkað te er 50 og því tryggir hámarksgildi sem nemur 500 Bq/kg fyrir þurrkuð tælauf að styrkurinn í lagaða teinu fari ekki yfir hámarksgildið 10 Bq/kg.

(2) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (KBE) 2016/52.

(3) Hámarksgildi í föðri, reiknað út frá 12% rakainnihaldi.

(4) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (KBE) 2016/52.

(5) Að undanskildu föðri fyrir skrautfiska.

II. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Fóður og matvæli þar sem krafist er sýnatöku og greiningar til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi fyrir útflutning til Sambandsins

a) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Fukushima:

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51 00, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51

00, 0711 59 00, 0712 31 00, 0712 32 00, 0712 33 00, úr 0712 39 00, 2003 10, 2003 90 og úr 2005 99 80,

- fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0308, 1504 10, 1504 20, 1604 að undanskildum:

- japansrandalóðsi (*Seriola quinqueradiata*) og höfðaraði (*Seriola lalandi*) sem falla undir SN-númer úr 0302 89 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- gullinrafi (*Seriola dumerili*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 89 90, 0303 89 90, 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- tannaflekkur (*Pagrus major*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 85 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- *Pseudocaranx dentex* sem fellur undir SN-númer úr 0302 49 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- kyrrahafsbláuggi (*Thunnus orientalis*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 35, úr 0303 45, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- kyrrahafsspánarmakrill (*Scomber japonicus*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 44 00, úr 0303 54 10, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 49, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 30, úr

0305 54 90, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, 1604 15 og úr 1604 20 50,

- sojabaunir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 1201 90 00, 1208 10 00 og 1507,

- japansfífill (*Petasites japonicus*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, 0710 80, úr 0711 90, 0712 90, úr 2004 90 og 2005 91 00,
- arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- körfuburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- gallaldin (*Diospyros* sp.) og afleiddar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 0810 70 00, úr 0811 90, úr 0812 90 og úr 0813 50,

b) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Miyagi:

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51 00, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59 00, 0712 31 00, 0712 32 00, 0712 33 00, úr 0712 39 00, 2003 10, 2003 90 og úr 2005 99 80,
- fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0308, 1504 10, 1504 20, 1604 að undanskildum:
 - japansrandalóðsi (*Seriola quinqueradiata*) og höfðaraði (*Seriola lalandi*) sem falla undir SN-númer úr 0302 89 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - gullinrafi (*Seriola dumerili*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 89 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - tannaflekkur (*Pagrus major*) sem fellur undir SN-númer 0302 85 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - *Pseudocaranx dentex* sem fellur undir SN-númer úr 0302 49 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - kyrrahafsbláuggi (*Thunnus orientalis*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 35, úr 0303 45, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og 1604 20 90,
 - kyrrahafsspánarmakríll (*Scomber japonicus*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 44 00, úr 0303 54 10, 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 49, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 30, úr 0305 54 90, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, 1604 15 og úr 1604 20 50,

- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90, úr 0712 90, úr 2004 90 og 2005 91 00,
- arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og 0712 90,
- körfuburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,

c) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Nagano:

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51 00, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59 00, 0712 31 00, 0712 32 00, 0712 33 00, 0712 39 00, 2003 10, 2003 90 og úr 2005 99 80,
- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,
- körfuburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,

d) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Gunma, Ibaraki, Tochigi, Chiba eða Iwate:

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51 00, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59 00, 0712 31 00, 0712 32 00, 0712 33 00, úr 0712 39 00, 2003 10, 2003 90 og úr 2005 99 80,
- fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0308, 1504 10, 1504 20, 1604 að undanskildum:
 - japansrandalóðsi (*Seriola quinqueradiata*) og höfðarafi (*Seriola lalandi*) sem falla undir SN-númer úr 0302 89 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - gullinrafi (*Seriola dumerili*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 89 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,
 - tannaflekkur (*Pagrus major*) sem fellur undir SN-númer 0302 85 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97, og úr 1604 20 90,
 - *Pseudocaranx dentex* sem fellur undir SN-númer úr 0302 49 90, úr 0303 89 90, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85,

úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- kyrrahafsbláuggi (*Thunnis orientalis*) sem fellur undir SN-númer úr 0302 35, úr 0303 45, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 90, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 80, úr 0305 59 85, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, úr 1604 19 91, úr 1604 19 97 og úr 1604 20 90,

- kyrrahafsspánarmakríll (*Scomber japonicus*) sem fellur undir SN-númer 0302 44 00, úr 0303 54 10, úr 0304 49 90, úr 0304 59 90, úr 0304 89 49, úr 0304 99 99, úr 0305 10 00, úr 0305 20 00, úr 0305 39 90, úr 0305 49 30, úr 0305 54 90, úr 0305 69 80, úr 0305 72 00, úr 0305 79 00, úr 1504 10, úr 1504 20, 1604 15 og úr 1604 20 50,

- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer úr 0709 99, úr 0710 80, úr 0711 90, úr 0712 90, úr 2004 90 og 2005 91 00,

- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer úr

0709 99, 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,

e) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Yamanashi, Yamagata, Shizuoka eða Niigata:

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51 00, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59 00, 0712 31 00, 0712 32 00, 0712 33 00, 0712 39 00, 2003 10, 2003 90 og úr 2005 99 80,

- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer úr 0709

99, úr 0710 80, úr 0711 90 og úr 0712 90,

f) samsettar vörur sem innihalda meira en 50% afurðanna sem um getur í a- til e-lið þessa viðauka.“

III. VIÐAUKI

Yfirlýsing fyrir innflutning til Sambandsins á

..... (Afurð og upprunaland)

Auðkenniskóði framleiðslulotu Yfirlýsing nr.

.....

Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á föðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

.....
(viðurkenndur fulltrúi sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að

.....
.....

(afurðir sem um getur í 1. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6) í þessari vörusendingu sem er samsett úr:

..... (lýsing á vörusendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkninga,
heildarþyngd eða eigin þyngd)

fermd í

.....
(fermingarstaður)

hinn

(fermingardagur)

af

(nafn flutningsaðila)

fer til

(ákvörðunarstaður og -land)

sem kemur frá starfsstöðinni

..... (heiti og heimilisfang starfsstöðvar) eru í samræmi við gildandi löggjöf í Japan að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137.

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar:

o afurðir sem um getur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011;

o afurðir sem um getur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, sem eru ekki upprunnar í og eru ekki sendar frá einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist;

o afurðir sem um getur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, sem ekki eru upprunnar í og eru ekki sendar frá einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist og hún hefur ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn eða vinnsluna;

o afurðir sem um getur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, sem eru upprunnar í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist, sem sýni hafa verið tekin af hinn (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með;

o afurðir sem um getur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/2058, af óþekktum uppruna eða afleiddar afurðir eða fôðurlöndur eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum sem innihaldsefni af óþekktum uppruna, sem sýni hafa verið tekin af (dagsetning) og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift

viðurkennds fulltrúa sem um getur í

2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.